



Hagvöxtur vel umfram væntingar

Hagvöxtur mældist 7,2% á síðasta ári sem er mesti hagvöxtur frá árinu 2007 þegar hann nam 9,3%. Þetta er töluvert meiri hagvöxtur en mælt hefur á síðustu árum en næstmesti vöxturinn frá hruni var árið 2013 þegar hann nam 4,4%. Árið 2015 mældist 4,1% hagvöxtur. Þetta er sjötta árið í röð þar sem hagvöxtur mælist hér á landi.

Hagvöxtur vel umfram væntingar




Þetta er töluvert meiri hagvöxtur en spáð hafði verið. Spá okkar frá því í nóvember gerði ráð fyrir að hagvöxtur yrði 6,1% á árinu en það var hæsta spáin um hagvöxt á þeim tíma. Aðrir spáaðilar voru að gera ráð fyrir í mesta lagi 5% hagvexti á sama tíma. Seðlabankinn endurskoðaði hagvaxtarspá sína til hækkunar nú í febrúar og gerði ráð fyrir að hagvöxturinn yrði 6% á síðasta ári. Í nóvember síðastliðnum gerði Seðlabankinn ráð fyrir að hagvöxturinn yrði 5%.

Þjónustuútflutningur í fyrsta sinn meiri en vöruútflutningur

Vöxtur einkaneyslu reyndist nokkuð kröftugur eða 6,9%. Vöxtur heildarfjármunamyndunar nam 22,7% og útflutningsvöxtur 11,1%. Vöxtur innflutnings mældist síðan 14,7%. Vægi þjónustuútflutnings mældist 28% af landsframleiðslu sem er í fyrsta skiptið frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst árið 1945 að tekjur af útfluttri þjónustu mælast hærri en af vöruútflutningi. Þjónustuútflutningur hefur aukist mikið á síðustu árum og má rekja það að langmestu leyti til þess mikla vaxtar sem verið hefur í ferðaþjónustu hér á landi.

Mun meiri hagvöxtur á seinni hluta ársins

Hagvöxturinn reyndist 11,3% á fjórða fjórðungi borið saman við sama fjórðung árið áður. Hagvöxtur á síðasta ári var nokkuð kaflaskiptur eftir því hvort horft er á fyrri hluta ársins eða seinni hluta. Þannig var hagvöxtur á bilinu 3,5-4% á fyrstu tveimur fjórðungum ársins en var síðan 9,6-11,3% á síðustu tveimur fjórðungunum.






Útflutningur hefur drifið hagvöxt síðustu ára

Venja er að taka saman framlag einkaneyslu og fjármunamyndunar til hagvaxtar og taka svo framlag utanríkisviðskipta í eina tölu sem felst þá í því að draga innflutning frá útflutningi. Þessi nálgun gefur í rauninni skakka mynd af áhrifum einkaneyslu, fjárfestingar og útflutnings á hagvöxt á síðustu árum. Sérstaklega þegar haft er í huga að stór hluti bæði einkaneyslu og fjárfestingar verður beint rakinn til vaxtar í innflutningi og nettó framlag þeirra liða því mun minna. Einnig skiptir máli að með því draga utanríkisviðskiptin saman í eina tölu er verið að gera lítið úr framlagi útflutnings. Ef horft er á brúttó framlag þessara þriggja meginþátta til hagvaxtar var framlag útflutnings til hagvaxtar síðasta árs umtalsvert meira en framlag bæði einkaneyslu og fjárfestingar. Þannig var brúttóframlag útflutnings 42% meira en framlag einkaneyslu og 25% meira en framlag fjárfestingar. Sé lítið aftur til ársins 2010, sem er árið áður en uppsveiflan í ferðapjónustu hófst, hefur heildarframlag útflutnings verið 58% meira en einkaneyslu og 38% meira en fjármunamyndunar. Um 75% af framlagi útflutnings má síðan rekja til þjónustuútflutnings.

Hagvöxtur ásamt framlagi undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

Hagvöxtur á Íslandi næsthæstur í heiminum

Af þeim löndum sem birt hafa hagvaxtartölur fyrir árið 2016 sker efnahagsþróunin á Íslandi sig verulega úr. Hagvöxtur Íslandi var mun meiri en í öllum OECD ríkjunum. Horft yfir heiminn í heild mældist hagvöxtur aðeins meiri í einu ríki á síðasta ári, Indlandi, þar sem áætlað er að hagvöxturinn hafi numið 7,5%.

Hagvöxtur í heiminum árið 2016



Heimild: OECD, Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.